

59. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrmani, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkv. 16. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

60. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

61. gr.

Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

62. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 krónum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

63. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1971 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 233 29. desember 1961 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 1. febrúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

yfir ríkissjóðsgjöld af einkasöluvörum.

Áhafnir og farþegar, sem hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skulu greiða af því, sem umfram er samkvæmt ákvæðum í reglugerð, nr. 272 30. nóv. 1969, ríkissjóðsgjöld sem hér segir:

A. Áfengi:	0.375 l	0.75 l
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín og vermoutheit		kr. 150.00
2. Koniak, brandy, whisky, brennivín, vodka, gin, genefer, rom, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir	kr. 250.00	— 500.00

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

- B. **Reyktóbak:**
Kr. 250.00 pr. dús., kg eða lbs.
- C. **Vindlingar:**
Regular size kr. 400.00 pr. carton.
King size kr. 400.00 pr. carton.
- D. **Vindlar:**
Smávindlar 40.00 kr. pr. 10 stk.
Meðalstærð 125.00 kr. pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir 175.00 kr. pr. 25 stk.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. marz 1971. Með gildistöku gjaldskrár þessarar, er felld úr gildi gjaldskrá nr. 309 30. nóv. 1969 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1971.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1971 á svæðum, sem takmarkast af línunum, sem hugsast dregnar þannig:

1. Að austan hugsast dregin lína í réttvisandi suður frá Þjórsárósi í punkt 63°34' N og 20°48' V og þaðan í punkt 63°34' N og 21°26' V síðan í vesturátt gegnum eftirgreinda punkta:

1. 63°41'2 N 21°45'5 V
2. 63°41'2 N 22°21'0 V
3. 63°34'5 N 23°03'5 V

og þaðan í réttvisandi 033° í Reykjanesvita. Þó skal skipum allt að 105 brl. heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarbaugunum 21°57' V og 22°32' V og þrjár sjómílur út frá ströndinni.

2. Að norðan hugsast dregin lína í réttvisandi vestur frá Garðskaga og að sunnan í réttvisandi vestur frá Stafnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislinunni.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum.